

24. apríl 2020

## Umsögn frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins

**EFNI:**

**Þingmál 728: Frumvarp til laga um Matvælasjóð**

Í stjórnarfrumvarpi nr. 728 er fjallað um stofnun nýs Matvælasjóðs. Þar er jafnframt lagt til að starfsemi Framleiðnisjóðs landbúnaðarins (FL) verði lokið 31. desember 2020 og að fjárveitingar ríkisins til FL renni frá árinu 2021 til nýs Matvælasjóðs.

Stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins vill vekja athygli á því að í texta frumvarpsins er starfssvið hins nýja sjóðs ekki ítarlega skilgreint. Það er mat stjórnar að ekki geti talist nægjanlegt að skilgreina viðfangsefni sjóðsins eingöngu í stefnumótun á seinni stigum þar sem í því felst veruleg óvissa um hvers lags verkefni og efnissvið muni eiga heima innan hins nýja sjóðs til framtíðar.

Í þessu samhengi er vert að benda á að landbúnaður er fleira en matvælaframleiðsla og að í gegnum tíðina hefur Framleiðnisjóður stutt við afar fjölbreytt viðfangsefni frumvinnslugreinarinnar landbúnaðar. Mörg þessara viðfangsefna lúta ekki beint að matvælaframleiðsu og telur stjórn Framleiðnisjóðs því hættu á að fjölmörg verkefni verða munaðarlaus, ef svo má að orði komast. Sem dæmi hefur Framleiðnisjóður stutt ötullega við verkefni á vegum vísindastofnana á sviði jarðræktar, kynbóta búfjár og gróðurs, skógræktar og landgræðslu. Einnig má nefna námsstyrki til mastersnemenda á sviði landbúnaðarvísinda. Nemar, sem hafa notið þessara styrkja, stunda nám á fjölbreyttum sviðum, ekki eingöngu á sviði matvælaframleiðslu. Jafnframt má nefna styrkveitingar Framleiðnisjóðs til framþróunar ýmissar stoðþjónustu landbúnaðar svo sem ráðgjafþjónustu og þróun sérhæfðs hugbúnaðar.

Nauðsynlegt er að það komi fram að Framleiðnisjóður hefur um árabil haft mikilvægu hlutverki að gegna í byggðalegu samhengi, sér í lagi í tengslum við styrkveitingar til nýsköpunarverkefna á vegum bænda (sjá mynd 1). Ljóst er að mjög mörg störf hafa orðið til í sveitum landsins fyrir tilstuðlan þessara styrkja. Nefna má uppbyggingu ferðþjónustu, ýmis konar heimavinnslu afurða, smáiðnað og mörg fleiri svið.



Mynd 1: Dreifing styrkveitinga Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til nýsköpunar og þróunar á bújörðum 2003-2019. Myndin sýnir í hnotskurn hversu öflugu hlutverki þessi styrkjaflokkur hefur gegnt við eflingu atvinnulífs dreifbýlisins.

Komi til þess að Framleiðnisjóður verði lagður niður þarf að huga að því hvernig verði hlúð að þeim verkefnaflokkum sem ekki tengjast beint nýsköpun og þróun á matvælasviði, en þurfa sannarlega á stuðningi að halda.

**Virðingarfyllst,**

**F.h. stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins**



---